

## Svört ský yfir Sýrlandi. Nató og Ísrael bera sigur úr býtum. Afhausaraleiðtoginn

Sýrlendingar hafa eignast nýjan leiðtoga, Abu Mohammed al-Golani (eða Al-Julani eða Al-Golani). Abu einnig er forystumaður Hayat Tahrir Al-Sham (HTS), sem nú hefur lagt undir sig Sýrland í umboði og með beinni eða óbeinni aðstoð Nató, þ.e. Tyrkja, Bretta og Bandaríkjumanna, auk Úkraínúmanna, Katara og Ísraela. Hinn kunni blaðamaður og sagnfræðingur, Craig Murray, kallað þetta „kaupmála Djöfulsins.

Abu heldur, samkvæmt CNN fréttastofunni, í heiðri aðlaðandi gildi vestrænna frjálslyndissamfélaga, þprunginn virðingu fyrir mannréttindum, lýðræði, fjölbreytileika, réttsýni og inngildinu (inclusion), „vókmenningu (woke).“ Betra gerist það varla.

En umfram allt hefur Abu lýst yfir ást sinni á Ísrael og býður því að opna sendiráð bæði í Damaskus og Beirút, þegar hann hefur lagt Líbanon undir sig.

Abu hefur reynslu sem heilagur stríðsmaður Allah (Salafism, Wahhabism) og afhausari. Leiðtoginn öðlaðist mikla reynslu í iðninni í Mósúl í Írak. Síðast en ekki síst er hann eftirlýstur hryðjuverkamaður á Vesturlöndum.

Bandarísk yfirvöld borga einar tíu milljónir dala fyrir höfuð hans, en hinn ellíæri forseti Bandaríkjanna vill ákæra fyrrum leiðtoga Sýrlendinga, augnlækninn, Bashar al-Assad, fyrir stríðsglæpi.

Það er beinlínis átakanlegt að verða vitni að samhæfðum áróðri eða endurásýndarsköpun þessa geðbilaða morðingja í vestrænum fjölmöðlum. Samtímis er Bashar al-Assad lýst (í RÚV) sem „grimmilegum“ harðstjóra, sem hafi fangelsað fjölda manns og pyndað (sem hefur við einhver rök að styðjast). En borið saman við hvern?

Það eru gamlir sótraftar á sjó dregnir í áróðursstríðinu. Ásakanir um beitingu efnavopna af hálfu sýrlenska stjórnarhersins gegn eigin borgurum eru aftur komnar á kreik. Þeim hefur fyrir löngu verið vísað heim til föðurhúsanna sem áróðursbrellu „Hvítu hjálmanni,“ (White Helmets, Syrian Civil Defence) áróðursmálaliða Vesturlanda.

Hvítu hjálmannir eru hreyfing, sem leyniþjónustur Bandaríkjumanna og Bretta beittu til áróðurs og uppreisna í Sýrlandi. Þeir eru sambærilegir ZAKA hreyfingunni í Ísrael, sem fjölmöðlar á Vesturlöndum reiða sig á. Þaðan komu m.a. ásakanir um örbylgjusteikingar og afhöfðanir ungbarna af hálfu Hamas.

Fréttastofa RÚV bregður jafnvel fyrir sig ljóðræna fætinum; þegar vindar arabískra vorsins léku um Sýrland, vaknaði alþýða manna til vitundar um kúgun sína. Enn er í þessu sannleikskjarni.

Faðir Bashar, Hafez al-Assad (1930-2000), sem stjórnaði með harðri hendi um þriggja áratuga skeið, var að sönnu enginn lýðræðisengill, frekar en svo margir aðrir „Arabahöfðingjar“ í Norður-Afríku og í Levantíu (löndunum fyrir botni Miðjarðarhafs). En trúfrelsi ríkti í landinu og almenningur bjó við bærileg kjör.

Hafez var hliðhollur Ráðstjónarríkjunum eins og Egyptar um árabil. Assad feðgar eiga ættir að rekja til Alawite/Alaouite ættbálks Sýrlendinga, sem heldur til í Norð-vestur Sýrlandi. Sagnfræðingurinn, Craig Murray, segir þá afkomendur fyrstu Kristmanna. Þeir tala enn mál Jesúar Krists, arameísku (aramaic).

RÚV gleymdi að geta þess, að arabískra vorið varð ekki að uppreisnum gegn stjórnvöldum, sem voru þæg og auðmjúk gagnvart Vesturlöndum. Það á t.d. við um Líbíu og Írak. Og það átti sem sé líka við um Sýrland, spilltu samfélagi aragrúa mismunandi ættbálka, trúfélaga og fjölskyldna.

En umfram allt var Sýrland eins konar þungamiðja í Levantíu, þyrnir í augum þeirra, sem hugðu á landvinninga. Bretar og Bandaríkjamenn hafa lengi haft augastað á auðlindum Asíu og Levantíu, og Ísraelsmenn hafa lengi ætlað að þenja Síonistaveldi sitt út um víðan völl. Það gengur undir nafninu, Stór-Ísrael. Bæði Gaza og Sýrland skulu verða hluti Stór-Ísraels.

Markvisst hefur verið unnið að þessari nýju skipan og stofnun ísraelsks stórveldis, sbr. áætlanir eins og (Oded) Yinon (1982); Réttláta hefndaraðgerð (Operation Justified Vigilance eða Dagan Plan) frá 2001 (hernám alls landrýmis Palestínumannna); Aðgerð þyrnagrundir (Operation Fields of Thorns) (2003), þ.e. morðið á Yasser Arafat; Réttlætingu blóðsúthellinga (2000) (Bloodshed Justification), þ.e. árás á Gaza í kjölfar sjálfsvígsárasar; Aðgerð varnargnípu (Operation Protective Edge), þ.e. hernaðaraðgerð gegn Gaza, sem minnir mjög á innrásina 2014.

Útbenslu- og stríðsáætlanir Ísraela og bandamanna þeirra í Nató eru samhæfðar, enda mætti með réttu tala um samrunaheimsveldi, sbr. áætlun Bandaríkjamanna í kjölfar árásar á turnanna í Nýju Jórvík árið 2001 (9/11), þ.e. að ráðast inn í sjö ríki Múhameðstrúarmanna í Miðausturlöndum eða Vestur-Asíu. Röðin var þessi: Írak, Sýrland, Líbanon, Líbía, Sómalía og Súdan.

Bandaríski herforinginn, Wesley Clark/Wesley J. Kanne, sem hafði yfirumsjón með árásum Nató á Serbiú 1999, m.a. árásum á borgarleg skotmörk, ljóstraði síðar upp um sjálfa aðgerðaáætlunina. Wesley hlaut frelsisorðu forsetans að launum fyrir afrek sín.

Áætlunin, nefnd „Hreini skurðurinn“ (Clean Cut), er enn í fullu gildi eins og hernám Sýrlands á síðustu dögum ber vitni um. Skorið hefur verið í Írak og Sýrlandi, en eftir stendur Líbanon.

Íran hefur í raun verið bætt á listann. Frelsi, öryggi og lýðræði er hvergi nærrí tryggt. En það var yfirlýstur tilgangur árása á ríkin. Olían er kaupauki.

Fyrri atlaga að Sýrlandi árið 2011 misheppnaðist að verulegu leyti. Þegar uppreisnarmenn og stjórnarherinn í landinu höfðu eldað grátt silfur í um það bil eitt ár, komu á vettvang íslamskir málaliðar Bandaríkjamanna, ofstopafullir ofbeldismenn, sem sóttu innblástur í öfgatúlkanir Kóransins á sama hátt og Bræðralag Múhammeðstrúarmanna, sem Bretar höfðu beitt með góðum árangri áður.

Almenningur þekkir þá sem Alkæda (Al-Qaeda), ISIS, al-Nusra. (Hluti af Hamas var einnig undir þeirra áhrifum, vafalaust sá hluti, sem stóð fyrir samsæri ísraelskra yfirvalda og Hamas um árás hreyfingarinnar sjöunda október í fyrra (2023) á Ísrael.)

Þetta er stóðið ófrýnilega, sem Nató, Ísrael og fleiri, hafa beitt til að hernema Sýrland. Eiginlega er um að ræða vopnaðan, alþjóðlegan óþjóðalýð. Bandaríkin og Natóríkin hafa ekkert til sparað í sambandi við þjálfun og útbúnað. Upphaflegu sveitirnar voru bestu vopnum búnar. M.a. voru vopn, handlögð í Líbíu, flutt til Tyrklands og dreift þaðan til málaliða Alkæda og ISIS (eða ISIL eða al-Nusra).

Áætlun Bandaríkjamanna (Operation Timber Sycamore) og bandamanna þeirra eins og Ísraels, Bretlands, Þýskalands, Frakklands, Tyrklands og arabísku furstadæmanna, frá 2011, um þjálfun staðgengilhers íslamskra ofbeldisofsatrúarmanna, heilagra stríðsmanna, kostaði skildinginn. Hún var bæði fjármögnuð af leyniþjónustunni (CIA) og Varnarmálaráðuneytinu (Pentagon). Kostnaður Bandaríkjanna er áætlaður um 1.5 milljaður (billion) dala.

New York Times sagði „Aðgerð Timber Sycamore“ dýrustu vopnabúnaðar- og þjálfunaraðgerð Bandaríkjanna, eftir að sambærilegri aðgerð í Afganistan (Operation Cyclone) lauk á níunda áratugi síðustu aldar. Alæda og Taliban eru afsprengi þeirrar aðgerðar.

Í opinberu minnisblaði frá leyniþjónustu varnarmálaráðuneytis Bandaríkjanna 2012 (Defense Intelligence Agency) stendur skrifað, að „Salafistar, Bræðralag

Múhammeðstrúarmanna og Alkæda Írak (AQI) séu hreyfiöflin í uppreisninni í Sýrlandi.“

Þátttaka Ísraels í uppreisninni var fyrst staðfest af ísraelska varnarhernum 2019. Upplýsingin kom frá Gadi Eisenkot. En þegar árið 2015 veittu Ísraelsmenn liðsmönnum Alkæda og al-Nusra læknisbjónustu, samkvæmt Jórsalapóstinum (Jerusalem Post).

Ást Abu á Ísraelmönnum kynni að skýrast af þeirri viðurkenningu fyrrum yfirmanns leyniþjónustu ísraelska hersins, Amos Yadlin, að Shia þjóðernissinnar eins og Hisbolla og Iran, væru skeinuhættari Ísrael en róttækir Sunni. Nýlenduveldin hafa löngum att þessum tveim megin tilbrigðum við Múhammeðstrú saman, deilt og drottnað. Áætlanir í þá veru voru fyrst gerðar af Bretum 1838 í sambandi við innrás þeirra í Afganistan.

Enda þótt Nató og fjölmöldar hafi viljað telja almenningi Vesturlanda trú um, að góðir Vesturlandabúar ættu í höggi við vonda karla í Sýrlandi, hafa bandarísk yfirvöld gengist við afkvæmi sínu eins og Jake Sullivan (undir Hillary Clinton) 2012, James Jeffrey (áður undir Donald Trump) 2021, Joe Biden (undir Barrack Obama) 2014 og John Kerry (Wikileaks 2017).

Hernámsleikurinn var hjörð hinna heilögu stríðsmanna (Salafi-Jihadist militants) auðveldur. Sýrlenski herinn var í upplausn, hermenn langbreyttir, svangir, fátækir og þreyttir eins og allur almenningur.

Hermt er, að hermenn Sýrlendinga hafi fengið um sjö dali á mánuði í laun, herforingjar um fjörutíu. Því er líklegt, að fjölda þeirra hafi verið mútað til að leggja niður vopn. Tyrkir stálu fjölda verksmiðja og Bandaríkjamenn hernumu Norð-austur Sýrland, þar sem „matarkistu“ Sýrlendinga og olíu er að finna. Ísraelar og Bandaríkjamenn hafa varpað á þá sprengjum linnulaust allt „vopnahléið.“

Aukin heldur hafa Bandríkjamenn og Evrópuríkin beitt Sýrlendinga svívirðilegum viðskipaþvingunum (hliðstæðar þeim sveltiþvingunum, sem beitt var gegn Írökum og enn er beitt gegn Kúbu, Venesúela og Afganistan), sem ná allar götur aftur til 1979, þegar þing Bandaríkjanna sagði Sýrlendinga bakhjarla „hryðjuverka.“

Löggjöfin, sem varð til 2019 og heimilar viðskiptaþvinganir, kalla Bandaríkjamenn „Sesar; verndarlöggjöf í þágu almennings í Sýrlandi“ (Caesar Syria Civilian Protection Act). Bandarísk yfirvöld eru spaugarar af Guð náð og Guðs gjöf veröldinni allri.

Viðskipta- eða sveltiþvingunum er gjarnan beitt til að beygja fólk og brjóta það niður. Venjulega bitna þær mest á börnum. Bretar iðkuðu þetta eins og annan drottunardjöfulskap. T.d. voru írar sveltir til undirgefni, svo og þjóðverjar í fyrstu heimstyrjöldinni.

Sérstakur fulltrúi Sameinuðu þjóðanna, Alena Douhan, sagði viðskiptaþvinganir Vesturlanda í Sýrlandi svívirðilegar og kæfandi fyrir óbreytta borgara. Hún sagði þær jaðra við glæpi gegn mannkyni.

Þegar Nató réðist til atlögu 2011 var Assad fordæmdur og á brott rekinn úr Bandalagi Arabaþjóða. Það var einelti líkast. Áróðurshernaðurinn var öflugur. Sýrlendingar áttu þó bandamenn í Írönnum, sem létu til sín taka, eftir að fyrrgreindur óþjóðalýður fór eins og eldur í sinu um Sýrland.

Íranar og Sýrlendingar báðu Rússa um aðstoð. Loftárasir þeirra ullu straumhvörfum, svo og friðarumleitanir. Rússum tókst að koma á vopnahlé í samningum við Tyrki, sem kenndir eru við Astana. Þá hafa Tyrkir/Nató nú svikið.

Rússar reyndu, án árangurs, að sannfæra yfirvöld í Sýrlandi um að halda frjálsar kosningar í landinu, samkvæmt ályktun Sameinuðu þjóðanna (nr. 2254). Rússar gerðu meira að segja uppkast að nýrri stjórnarskrá. Þeir, ásamt Írönun, buðust einnig til að þjálfa heri Sýrlendinga, en allt kom fyrir ekki. Óvissa ríkir nú um flotastöð Rússa í Tartus og flugbækistöðina í Khmeimin.

Gilbert Doctorow getur um viðbrögð Vladimir Putin við ákúrum um að halda sér til hlés; Rússar ætluðu sér ekki „að vera sýrlenskari en Sýrlendingar sjálfir“ ku hann hafa sagt.

Hernámið nú var býsna vandlega undirbúið og tímasett, enda þótt allir hafi orðið undrandi á fyrirstöðuleysinu. Frakkar og Bandaríkjamenn sömdu um vopnahlé fyrir Ísraelmenn, sem tapað höfðu orrustum sínum við Hisbolla. Það gaf þeim svigrúm til að hvíla hermenn sína og eyðileggja allar aðflutningsleiðir landleiðina að Líbanon. Meginþungi árásarinnar kom frá Idlib, innan Sýrlands.

Um það bil samtímis var sótt að Sýrlendingum frá æfingastöð Bandríkjumann í Jórdan, úr herbækistöð þeirra og Kúrda í Norðaustur Sýrlandi og úr norðri sóttu tyrkneskir hermenn og málaliðar þeirra. „Hvítu úlfar“ Úkraínumanna sáu um þjálfun og beitingu herflygilda (dróna).

Það er engum blöðum um það að fletta, að Nató/Ísrael hefur unnið (skammvinnan) stórsigur. Það er ástæða til að örvaðta um afdrif Palestínu. Ísraelsher heldur áfram

morðum sínum á Gaza og landnámi á Vesturbakkanum. Eins og kunnugt er, hafa Ísraelar lagt undir sig Gólanhæðir, sýrlensk landsvæði. Þeir hafa þegar sótt fram í Sýrlandi til að tryggja sér meira land. Það er líka ástæða til óttast um Hisbolla. Aðdrættir verða erfiðir og hugsanlega verður bæði sótt að þeim frá Ísrael og Sýrlandi.

Þar sem Líbanon er hálfgert leppríki (Frakka og Bandaríkjumanna) er hugsanlegt, að sýrlenska hernum verði líka beitt gegn Hisbolla. Bandamönnum þeirra eru líklega allar bjargir bannaðar.

Það hefur löngum reynst Nató erfitt að beisla trúarofstækismennina, sem þeir nú hafa „gefið“ Sýrland. Hinir heilögu stríðsmenn hafa áður snúist gegn þeim. Því miður er allt útlit fyrir, að skapast muni svipað skelfingarástand í Sýrlandi og í Írak og Líbíu.

Joe Biden talar eins og Abu, fyrir réttarhöldum yfir hryðjuverkamönnum. (Er þetta ekki dásamleg og kaldranaleg hræsni??) Hann hyggst stofna alheimsríki Sunni múslíma (caliphate). Hernám Líbanons er næsti áfangi. Skel hæfir kjafti.

Trúarofstækisríki Sunni og trúarofstækisríki Síonista fallast í faðma í einskærri ást og ofstæki.

Abu hreinsar til sín megin, ryður burtu Shia Múslímum og Kristmönnum, Ísraelar öllum Múslímum. Bænahald þeirra hefur nú verið bannað í Ísrael. Það hefur verið draumur Ísraelsmanna að reka Palestínumenn til Egyptalands og Sýrlands. En hinir nýju Sýrlendingar munu væntanlega stympast við eins og Egyptar. Hvað verður um um Palestínumenn?

Hverju sem því líður skála yfirvöld í Katar og Tyrklandi – og Ísrael vafalaust líka. Nú er lag að leggja olíu- og gasleiðslu um Sýrland. Assad-ættin er höll úr heimi sýrlenskra stjórnsmála og því engin fyrirstaða.

Eftirmáli: Blaðamaðurinn, Vanessa Beeley, hefur búið í Damaskus. Henni tókst að flýja, áður en hin nýja ástmögur Vesturlanda í Sýrlandi, afhausarinn, Abu Mohammed al-Golani, hrifsaði til sín völdin fyrir umbjóðendur sína.

Vanessa skýrir frá hálfu fjórða hundraði loftárása Ísraelsmanna á Sýrland, hernámi sýrlensks lands, sem nemur tveim Gaza-ræmum. Ísraelski varnarherinn er nú 40 kílómetra frá Damaskus. Félagsmiðla segir hún uppfylla af rangfærslum, lygum og hrænsi. Vanessa segir kveðjuuptöku forsetans ekki hafa verið spilaða. Vanessa segir enn fremur:

„Hræætur meginstraumsmiðlanna streyma á vettvang til að læsa klónum í hræið af ævaforri heimsmenningu. Sagan verður eins og ævinlega endurskoðuð af

Sigurvegaranum. Það væri betur, að Sigurvegarinn sprytti úr sverði Sýrlands, en ekki hryðjuverkasveitum Svörtulofta (black sites) CIA og magnað af Ísraelum og Vestrinu í harðgeðja drottununarbandalagi.“

[https://beeley.substack.com/p/safe-while-syria-burns?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=716517&post\\_id=152882937&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://beeley.substack.com/p/safe-while-syria-burns?utm_source=post-email-title&publication_id=716517&post_id=152882937&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

<https://www.washingtoninstitute.org/policy-analysis/how-syrias-diversity-friendly-jihadists-plan-building-state>

<https://www.telegraph.co.uk/world-news/2024/12/03/syria-diversity-friendly-jihadists-plan-building-state/>

<https://www.youtube.com/watch?v=OWBrLsUP5eQ&list=UUDkEYb-TXJVWLvOokshtlsw&index=2>

<https://www.youtube.com/watch?v=OSIsZq5qooU&list=UUDkEYb-TXJVWLvOokshtlsw&index=2>

<https://www.youtube.com/watch?v=TnJmBFLOtQg&list=UUDkEYb-TXJVWLvOokshtlsw&index=4>

<https://www.youtube.com/watch?v=UX2X9KT9Xmg&list=UUDkEYb-TXJVWLvOokshtlsw&index=5>

[https://www.globalpolitics.se/kievs-nazitoleranta-regim-ansluter-sig-till-syriens-al-qaida-terrorister/?jetpack\\_skip\\_subscription\\_popup](https://www.globalpolitics.se/kievs-nazitoleranta-regim-ansluter-sig-till-syriens-al-qaida-terrorister/?jetpack_skip_subscription_popup)

[https://steigan.no/2024/12/jihadistene-i-syria-onsker-samarbeid-med-israel/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/12/jihadistene-i-syria-onsker-samarbeid-med-israel/?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://steigan.no/2024/12/gjelder-dusoren-pa-10-millioner-for-denne-terroristen-fortsatt/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/12/gjelder-dusoren-pa-10-millioner-for-denne-terroristen-fortsatt/?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://korybko.substack.com/p/trump-isnt-telling-the-whole-truth?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=835783&post\\_id=152829485&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://korybko.substack.com/p/trump-isnt-telling-the-whole-truth?utm_source=post-email-title&publication_id=835783&post_id=152829485&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

<https://gilbertdoctorow.com/2024/12/09/what-are-the-russians-saying-about-the-fall-of-the-assad-regime/>

[https://rumble.com/v5xhtvz-crosstalk-bullhorns-collapse-of-resistance.html?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://rumble.com/v5xhtvz-crosstalk-bullhorns-collapse-of-resistance.html?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://www.youtube.com/watch?v=uFcfoLUyQkA&list=UUkF-6h\\_Zgf9zXNUmUB-MzTw&index=1](https://www.youtube.com/watch?v=uFcfoLUyQkA&list=UUkF-6h_Zgf9zXNUmUB-MzTw&index=1)

[https://steigan.no/2024/12/syria-tragedien-og-den-nye-altomfattende-krigen/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/12/syria-tragedien-og-den-nye-altomfattende-krigen/?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://edition.cnn.com/2024/12/06/middleeast/syria-rebel-forces-hayat-tahrir-al-sham-al-jolani-intl-latam/index.html?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://edition.cnn.com/2024/12/06/middleeast/syria-rebel-forces-hayat-tahrir-al-sham-al-jolani-intl-latam/index.html?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://www.youtube.com/watch?v=ErLFTVICGaw>

<https://tehrantimes.com/news/507087/The-hidden-agenda-against-Syria>

<https://www.youtube.com/watch?v=TACfQT3Th3k>

<https://www.nytimes.com/2017/08/02/world/middleeast/cia-syria-rebel-arm-train-trump.html>

[https://geopoliticaleconomy.substack.com/p/al-qaeda-rebels-syria-israel-usa?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=457596&post\\_id=152694367&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://geopoliticaleconomy.substack.com/p/al-qaeda-rebels-syria-israel-usa?utm_source=post-email-title&publication_id=457596&post_id=152694367&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

[https://korybko.substack.com/p/heres-what-has-to-happen-to-prevent?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=835783&post\\_id=152784175&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://korybko.substack.com/p/heres-what-has-to-happen-to-prevent?utm_source=post-email-title&publication_id=835783&post_id=152784175&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

[https://korybko.substack.com/p/heres-what-has-to-happen-to-prevent?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=835783&post\\_id=152784175&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://korybko.substack.com/p/heres-what-has-to-happen-to-prevent?utm_source=post-email-title&publication_id=835783&post_id=152784175&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

<https://efolket.eu/assad-regimen-i-syrien-har-fallit/>

<https://www.craigmurray.org.uk/archives/2024/12/the-end-of-pluralism-in-the-middle-east/>

<https://sonar21.com/will-the-wests-gamble-in-syria-and-georgia-succeed/>

[https://beeley.substack.com/p/syria-on-fire-who-benefits?utm\\_source=podcast-email&publication\\_id=716517&post\\_id=152749802&utm\\_campaign=email-play-on-substack&utm\\_content=watch\\_now\\_button&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://beeley.substack.com/p/syria-on-fire-who-benefits?utm_source=podcast-email&publication_id=716517&post_id=152749802&utm_campaign=email-play-on-substack&utm_content=watch_now_button&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

<https://www.youtube.com/watch?v=pmyTJCzDNrs>

[https://rumble.com/v5vumhk-breaking-history-ep.-74-1200-pm-et-.html?playlist\\_id=UGjyoorl4Q8&utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://rumble.com/v5vumhk-breaking-history-ep.-74-1200-pm-et-.html?playlist_id=UGjyoorl4Q8&utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://www.youtube.com/watch?v=qrqQE8kjcxo>

<https://timesofpol.com/the-yinon-plan-greater-israel-syria-iraq-and-isis-the-connection/>

<https://archive.org/details/the-zionist-plan-for-the-middle-east-by-oded-yinon-israel-shahak-yinon-oded-shah>

<https://archive.org/details/astrategyforisraelinthenineteeneighties>

<https://archive.org/details/yinon-plan>

<https://www.globalresearch.ca/clean-break-doctrine-war-havoc-middle-east/5713632>

[https://www.youtube.com/watch?v=v6QV5p3q\\_Z8](https://www.youtube.com/watch?v=v6QV5p3q_Z8)

<https://www.youtube.com/watch?v=6TAMhvQt-Ls>

<https://www.globalresearch.ca/historical-analysis-1897-present-crimes-committed-against-the-people-of-palestine-israel-state-sponsor-of-terrorism/5838511>

[https://www.democracynow.org/2007/3/2/gen\\_wesley\\_clark\\_weighs\\_presidential\\_bid](https://www.democracynow.org/2007/3/2/gen_wesley_clark_weighs_presidential_bid)

[https://www.youtube.com/watch?v=sG\\_ji42YHj8](https://www.youtube.com/watch?v=sG_ji42YHj8)

<https://www.youtube.com/watch?v=2rMptJt2Hzc&list=UUDkEYb-TXJVWLvOokshtIsw&index=4>

[https://www.kitklarenberg.com/p/syrian-women-exploited-by-mi6-propaganda?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=552010&post\\_id=152630400&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://www.kitklarenberg.com/p/syrian-women-exploited-by-mi6-propaganda?utm_source=post-email-title&publication_id=552010&post_id=152630400&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

[https://korybko.substack.com/p/this-weekends-astana-summit-is-likely?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=835783&post\\_id=152652103&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://korybko.substack.com/p/this-weekends-astana-summit-is-likely?utm_source=post-email-title&publication_id=835783&post_id=152652103&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

<https://www.youtube.com/watch?v=-5S5md0JsZQ>

[https://steigan.no/2024/12/usa-tilbod-seg-a-trekke-tropper-ut-av-syria-mot-at-assad-kuttet-bandene-til-iran/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/12/usa-tilbod-seg-a-trekke-tropper-ut-av-syria-mot-at-assad-kuttet-bandene-til-iran/?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://www.youtube.com/watch?v=JOckY1SbKIQ>

<https://www.youtube.com/watch?v=VUTL3Rn55IY>

[https://beeley.substack.com/p/syria-under-attack-and-who-will-stand?utm\\_source=podcast-email&publication\\_id=716517&post\\_id=152622666&utm\\_campaign=email-play-on-substack&utm\\_content=watch\\_now\\_button&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://beeley.substack.com/p/syria-under-attack-and-who-will-stand?utm_source=podcast-email&publication_id=716517&post_id=152622666&utm_campaign=email-play-on-substack&utm_content=watch_now_button&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

[https://steigan.no/2024/12/ukrainas-hvite-ulver-kjemper-sammen-med-ekstremister-i-syria/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/12/ukrainas-hvite-ulver-kjemper-sammen-med-ekstremister-i-syria/?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://www.timesofisrael.com/syria-rebels-appear-to-credit-israeli-strikes-on-hezbollah-with-aiding-shock-advance/#>